

Umhverfisstofnun  
Ólafur A Jónsson  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. janúar 2009  
2009010018/42-8  
SE/kj

## Efni: Rannsóknarboranir á Þeistareykjum, tillaga að matsáætlun

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 9. janúar 2009 þar sem óskað er álits Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi jarðmyndana á fyrirhuguðum borsvæðum á Þeistareykjum sem kynnt eru í tillögu að matsáætlun sem Landsvirkjun hefur lagt fram til meðferðar hjá Skipulagsstofnun.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að verndargildi jarðmyndana á jarðhitasvæðinu á Þeistareykjum og þar um kring ráðist fyrst og fremst af heildarásýnd svæðisins. Um er að ræða eldstöðvakerfi með háhitasvæði og súru bergi nærri miðju, ásamt vel afmörkuðu sprungukerfi. Miklar sprungur eru í hraunum á svæðinu sem sýna töluverðar hreyfingar á svæðinu þrátt fyrir tiltölulega litla gosvirkni. Tenging sprungukerfisins við Tjörnesbrotabeltið, m.a. á Reykjaheiði, er einstakt fyrirbæri á lands- og heimsvísu. Vestan við Þeistareyki blasa við einhver mestu misgengi landsins í Lambafjöllum en þau marka vesturjaðar Þeistareykjakerfisins sem og eystra gosbeltisins (sbr. mynd í fylgiskjali).

Eitt helsta sérkenni jarðhitasvæðisins á Þeistareykjum umfram önnur hér á landi eru fjölbreyttir leirhverir ásamt skýrum merkjum um stöðugar breytingar þar sem hverir koma og fara í sífellu.

Í kafla 4.3 VERND – Hverfisvernd í matsáætlun kemur fram að samkvæmt svæðisskipulagi fyrir háhitasvæði í Þingeyjarsýslum 2007–2025 njóti jarðhitasvæðið á Þeistareykjum hverfisverndar ásamt hluta Þeistareykjahrauns, gígum, hrauntröð og hellum í Þeistareykjahrauni svo og sprungum og misgengjum. Að mati Náttúrufræðistofnunar tekur þessi hverfisvernd fyrst og fremst mið af orkuvinnslu. Umfjöllun um hraunin miðast í aðalatriðum við að vernda staka skækla inni á orkuvinnslusvæðinu en heildaryfirsýn skortir.

Þá vill Náttúrufræðistofnun Íslands benda á eftirfarandi: Í kafla 2.2 JARÐFRÆÐI í tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram að öll hraunin á Þeistareykjum og í nágrenni, að Þeistareykjahrauni undanskildu, séu frá lokum ísaldar eða frá tímabilinu fyrir 14.000 árum þar til fyrir 10.000 árum. Þeistareykjahraunið er talið um 2500 ára gamalt. Í kafla 5.4.3 JARÐMYNDANIR segir enn fremur: „Á Þeistareykjum er að finna jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Um er að ræða nútímahraun og svæði þar sem yfirborðsvirkni er þekkt.“ Náttúrufræðistofnun Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við þessa túlkun á 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Hvergi í lögnum, né heldur í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu þegar það var lagt fram á Alþingi, kemur fram að þau eldhraun sem njóti verndar

skv. 37. gr. laganna skuli hafa runnið á nútíma, þ.e. á síðustu 10.000 – 11.000 árum. Náttúrufræðistofnun lítur svo á að með orðinu eldhraun sé átt við þau hraun sem runnið hafa eftir að jöklar hurfu af landinu í ísaldarlök. Engin skynsamleg rök eru fyrir því að draga einhver skil við ákveðin tímamörk á borð við upphaf nútíma. Hér er um að ræða almenna reglu sem gildir um viðkomandi hraun og allt sem því tilheyrir s.s. gíga, hrauntraðir, hella o.s.frv. Eðlilegt er síðan að meta eftir atvikum hvernig unnt er að vernda einstök hraun og hraunasvæði eftir því sem við á.

Náttúrufræðistofnun bendir á að 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd á augljóslega við um nær allt orkuvinnslusvæðið á Þeistareykjum. Að auki bendir stofnunin á að skyldur framkvæmdaraðila eru ekki aðeins bundnar við einstök sértæk ákvæði náttúruverndarlaga. Á Þeistareykjum þarf að horfa á og meta náttúruna í víðara samhengi og vísar stofnunin í því sambandi til 1. mgr. 1. gr. náttúruverndarlaga en þar segir að tilgangur laganna sé að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Æskilegra væri að framkvæmdaraðili færi vandlega yfir áhrif framkvæmda á heildaásýnd svæðisins fremur en vera með tilraunir til að sniðganga náttúruverndarlög með óeðlilega þröngri túlkun á 37. á grein laganna.

Að lokum vill Náttúrufræðistofnun benda á eftirfarandi atriði varðandi efnistöku á Þeistareykjum: Vestan í Bæjarfjalli hefur verið tekið mikið efni úr skriðu og er þar nú stórt sár í fjallinu (sbr. meðfylgjandi myndir). Náman var enn í notkun í ágúst sl. þegar starfsmenn Náttúrufræðistofnunar fóru um svæðið en hún er mikið lýti á fjallshlíðinni. Í kafla 3.2.5 *EFNISTAKA* í matsáætlun segir að efni fyrir fyrirhugaða borteiga og gerð vegslóða verði úr opinni námu vestan Kvíhólafjalla, þeirri sömu og sótt var efni úr í borteig fyrir rannsóknaholur ÞG-4, ÞG-5 og ÞG-6. Af einhverjum ástæðum er náman í Bæjarfjalli enn í notkun en æskilegt er að henni verði lokað sem fyrst og gerðar ráðstafanir til að laga sárið eftir því sem kostur er.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

Kristján Jónasson  
fagsviðsstjóri jarðfræði

Sjá myndir í meðfylgjandi skjali.



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS